Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1781
komudagur 2.5.2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Reykjavík, 25.apríl 2003.

Mál nr. 681 um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, lög um innflutning dýra og lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

Með vísan til þessa frumvarps til laga óskar LFH að árétta að umrætt frumvarp verði sem fyrst að lögum. Það er lykilatryði varðandi þróun fiskeldis á Íslandi að hér á landi verði samræmdar innflutningsreglur ESB sem þarf að uppfylla svo milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með lifandi fiskeldisdýr innan og utan EES.

Útflutningur á lifandi fiskeldisdýrum ásamt hrognum laxfiska hafa aukist hröðum skrefum. Til að tryggja framhald þess útflutnings er nauðsynlegt að uppfylla skilyrði ESS samningsins um þessi mál. Við erum í EES og LFH leggur áherslu á, að við að innleiða þessi lög verði hvergi slakað á öryggis- og heilbrigðiskröfum í íslensku fiskeldi.

Lfh mælir eindregið með því að þetta frumvarp verði samþykkt þannig að atvinnugreinin geti notið sérstöðu sinnar sem m.a. fellst í góðu ástandi heilbrigðismála fiskeldis hér á landi undir styrkri leiðsögn yfirdýralæknis en erum sjálfir ekki sérfróðir á þessu sviði.

Virðingafyllst,

Guðbergur Rúnarsson
framkvæmdastjóri Lfh.

Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva • Borgartúni 35 • 105 Reykjavík
Sími: 591 0360 • Fax: 591 0358 • e-mail: lfh@lfh.is • heimasíða: www.lfh.is